

ÁLITSGERÐ

nefndar samkvæmt 27. gr. laga 70/1996
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
í málinu nr. 4/2016

Mál X

1. Aðilar málsins

Aðilar málsins eru lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum og X. Páley Borgþórsdóttir lögreglustjóri rak málið f.h. lögreglustjóra en Kristján Thorlacius hrl. rak málið f.h. X.

2. Málavextir

2.1. Málsmeðferð fyrir nefndinni

Við meðferð málsins í upphafi skipuðu nefndina Kristín Benediktsdóttir lögfræðingur, formaður, Brynjólfur Hjartarson lögfræðingur, tilnefndur af innanríkisráðuneytinu, og Dalla Ólafsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af heildarsamtökum ríkisstarfsmanna. Með bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 3. mars 2017, var upplýst að Helgi Valberg Jensson hefði verið tilnefndur af innanríkisráðuneytinu og skipaður nefndarmaður í stað Brynjólfs Hjartarsonar. Helgi Valberg vék sæti í nefndinni 11. september 2017 og var Björn Rögnvaldsson lögfræðingur tilnefndur af dómsmálaráðuneytinu og skipaður í stað Helga Valbergs 10. október s.á.

Málið barst nefndinni 30. desember 2016, með bréfi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, dags. 22. desember s.á. Þar var tilkynnt að lögreglustjórinn hefði veitt X lausn um stundarsakir frá embætti sem lögreglumaður við embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, með vísan til þess að X væri „grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að fremja refsiverðan verknað og teljast ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starf sitt sem lögreglumaður. Refsiverðir verknaðir sem vísað er til eru ofbeldisverknaðir á heimili hans og hindrun á starfi lögreglu með hótunum um ofbeldi.“ Afrit af bréfi lögreglustjóra til X, dags. 18. desember 2016 þar sem honum var tilkynnt um að ákveðið hefði verið að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir með vísan til 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem einnig hefði stoð í 2. mgr. 26. gr. sömu laga, fylgdi bréfi lögreglustjórans til nefndarinnar. Jafnframt fylgdi bréfi lögreglustjóra setningar og skipunarbréf X sem lögreglumaður.

Þann 2. janúar 2017 sendi formaður nefndarinnar bréf til fjármála- og efnahagsráðherra og óskaði þess að skipaðir yrðu tveir meðnefndarmenn til þess að fjalla um málið sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir nefnd starfsmannalög). Með bréfi, dags. 15. febrúar 2017, tilkynnti fjármála- og

efnahagsráðuneytið um skipun nefndarinnar. Með bréfi, dags. 3. mars 2017, tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið um breytingu á skipun nefndarinnar og hóf nefndin störf 7. mars 2017. Sú breyting var gerð þar sem fyrir lá að ákvörðun sú sem var til meðferðar fyrir nefndinni hafði verið kærð til innanríkisráðuneytisins en ekki þótti heppilegt að starfsmaður ráðuneytisins sæti á sama tíma í nefndinni. Með bréfi formanns, dags. 2. janúar 2017, var X tilkynnt að málið hefði verið sent nefndinni til meðferðar.

Meðal gagna málsins á fyrsta fundi nefndarinnar voru tölvupóstsamskipti lögmanns X við formann nefndarinnar 6. janúar og 7. mars 2017, þar sem fram kom að ákvörðun lögreglustjórans í Vestmannaeyjum hefði verið kærð til innanríkisráðuneytisins og væri þar enn til meðferðar þegar nefndin kom saman. Í ljósi þess ákvað nefndin að fresta meðferð málsins fyrir nefndinni á meðan stjórnslukæran væri til meðferðar hjá ráðuneytinu. Voru lögreglustjóri og X upplýstir um þessa ákvörðun nefndarinnar með bréfum, dags. 7. mars 2017. Með tölvubréfi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum 29. september 2017, var upplýst að ráðuneytið hefði lokið meðferð málsins með úrskurði þar sem staðfest var ákvörðun lögreglustjóra um að veita X lausn frá embætti um stundarsakir. Í framhaldinu hélt nefndin meðferð málsins áfram.

Að lokinni framlagningu greinargerða aðila ásamt fylgiskjölum var málið reifað munnlega af umboðsmönnum þeirra fyrir nefndinni 31. janúar 2018.

Við meðferð málsins lagði lögreglustjóri fram afrit af ákæru þar sem X var ákærður fyrir líkamsárás aðfaranótt sunnudagsins 18. desember 2016, í þvottahúsi á heimili sínu í Vestmannaeyjum. Teljast brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá óskaði formaður nefndarinnar eftir aðgangi að dagbókarfærslum lögreglunnar í Vestmannaeyjum 18. desember 2016 í tölvupósti til héraðssaksóknara, dags. 8. mars 2018. Svar héraðssaksóknara barst 16. mars 2018 þar sem því var synjað að veita aðgang að þessum gögnum með vísan til þess að málið væri fyrir dómi og þinghaldið væri lokað. Hins vegar staðfesti embættið að þetta gagn væri til og lýsti efni þess svo:

„Um er að ræða skjal sem nefnist dagbók lengri og er samantekt bókana lögreglu í lögreglukerfið (LÖKE) á upphafsstigum. Fyrsta færsla er skráð þann 18. desember 2016 klukkan 03:57 og síðasta færsla er skráð þann 20. sama mánaðar klukkan 13:45. Samkvæmt upphafs færslu hafði stúlka samband og tilkynnti lögreglu að faðir hennar hefði ráðist á sig og móður. Næstu færslur lýsa komu lögreglu á vettvang og aðkomu þar. Jafnframt er farið stuttlega yfir framburði aðila á vettvangi. Bókað er að lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum og yfirlögregluþjónn voru upplýst um málið strax um nóttina og svo rakið að félagsmálayfirvöldum hafi verið gert viðvart, þar sem barn var á staðnum, og handtöku sakbornings lýst. Síðasta bókun frá 20. desember segir einfaldlega að kallað hafi verið eftir upptökum frá fjarskiptamiðstöð vegna upphaflegu tilkynningarinnar.“

2.2. Málsviðvik

X hefur starfað sem lögreglumaður við embætti sýslumannsins og síðar lögreglustjórans í Vestmannaeyjum í samfleytt um 14 ár en samtals hefur hann starfað sem lögreglumaður í 23 ár. Með bréfi, dags. 18. desember 2016, tilkynnti lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum X að hann hefði ákveðið að veita honum lausn um stundarsakir frá embætti hans sem lögreglumaður við embættið með vísan til 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en einnig hefði hann brotið gegn starfskyldum sínum, sbr. 14. gr. laganna og hefði ákvörðunin því einnig stoð í 2. mgr. 26. gr. laganna. Í bréfinu kom fram að ástæða lausnarinnar væri sú að X væri grunaður um heimilisofbeldi og líkamsárásir gagnvart eiginkonu sinni og dóttur á heimili þeirra 18. desember 2016. Tekið var fram að þegar lögreglumenn hefðu farið að heimili X og tilkynnt honum að hann væri handtekinn kl. 05.40 hafi X ekki vilja fara með lögreglu og kvaðst ætla að taka á því í átökum við lögreglumenn á vettvangi. Sjö lögreglumenn hafi verið á vettvangi til þess að handtaka X en X er valdbeitingarþjálfari embættisins. Í bréfinu var tekið fram að athafnir X þættu ósæmilegar, óhæfilegar og ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegndi og að grunur væri um að háttsemi sú sem honum væri gefin að sök kynni að hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með bréfi 22. desember 2016 krafðist lögmaður X þess að lögreglustjóri afturkallaði ákvörðun um lausn X um stundarsakir frá embætti hans sem lögreglumaður við embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum. Krafan var ítrekuð með bréfi 3. janúar 2017 og vísað til yfirlýsingar X og eiginkonu hans, sem fylgdi bréfinu, þar sem hún dró framburð sinn í málinu tilbaka og óskaði eftir því að málið yrði fellt niður. Þessari kröfu var af hálfu lögreglustjóra hafnað með tölvupósti til lögmannsins 26. janúar 2017.

X kærði ákvörðun lögreglustjóra frá 18. desember 2016 um að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir til innanríkisráðherra með vísan til 5. mgr. 26. gr. starfsmannalaganna og krafðist þess að hún yrði felld úr gildi. Með úrskurði ráðuneytisins 22. september 2017 var ákvörðun lögreglustjóra staðfest.

Ákæra var gefin út á hendur X, dags. 3. nóvember 2017. Var hann ákærður fyrir eftirfarandi háttsemi:

Fyrir líkamsárásir aðfaranótt sunnudagsins 18. desember 2016, í þvottahúsi á heimili sínu, með því í fyrsta lagi að hafa veist að eiginkonu sinni og slegið hana í andlit eða hrint henni þannig að hún féll á borð sem þar var, haldið henni nokkra stund liggjandi á bakinu á borðinu þar til hún féll í gólfið. Afleiðingar þessa voru þær að hún hlaut eymsli yfir vinstri kjálka, eymsli og roða yfir hægri olnboga og eymsli og mar á þriðju tá vinstri fótar. Í öðru lagi með því að hafa í kjölfar framangreindra háttsemi veist að dóttur sinni, en ákærði sló hana með krepptum hnefum beggja handa í bringuna þannig að hún lenti með bakið í vegg, tók með báðum höndum í slopp sem stúlkan klæddist og ýtti henni í gólfið, hélt áfram þéttingsfast um sloppinn við bringu og þrýsti hné sínu í hægra læri hennar. Af

Þessu hlaut dóttirin marblett á hægra læri, mar eymsli og roða umhverfis viðbein og eymsli neðarlega í mjóbaki.

3. Sjónarmið málsaðila.

Hér verður nánar lýst kröfum og röksemdum aðila sem fram komu í greinargerðum þeirra til nefndarinnar og við munnlega reifun málsins fyrir nefndinni 31. janúar 2018.

3.1. Sjónarmið lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Af hálfu lögreglustjórans í Vestmannaeyjum er þess krafist að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið af lögreglustjóra að víkja honum frá embætti um stundarsakir. Einnig er krafist staðfestingar nefndarinnar á því að skilyrði fyrir veitingu lausnar um stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin og að sakir þær sem bornar voru á hendur X hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunar lögreglustjóra og að rétt hafi verið staðið að framkvæmd hennar.

Í greinargerð og munnlegri reifun lögreglustjóra er tekið fram að lögreglustjórar fari með skipun lögreglumanna í starf samkvæmt 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. lög nr. 51/2014. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum sé því bær til að veita lögreglumönnum við embættið lausn frá störfum tímabundið eða endanlega, sbr. 1. mgr. 26. gr. Ákvörðun um tímabundna lausn X sé byggð á 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, þar sem fram komi að veita megi embættismanni lausn um stundarsakir ef hann er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga. Lögreglustjóri telur bæði skilyrði ákvæðisins hafa verið uppfyllt þegar ákvörðun var tekin.

Með því að beita úrræði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga sé mögulegt að fyrirbyggja að opinber starfsmaður sem sætir opinberri rannsókn geti gegnt starfi sínu á meðan, enda kann slíkt að þykja óviðunandi. Markmiðið með beitingu ákvæðisins sé að viðhalda trúverðugleika og trausti innan og utan þeirrar stofnunar sem hlutaðeigandi embættismaður starfar hjá. Nefndin hafi ítrekað tekið fram í álitum sínum að um sé að ræða lögmælt bráðabirgðaúrræði sem lögin veita til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Mál viðkomandi starfsmanns sé tekið til meðferðar fyrir nefndinni og því lokið þar óháð því að opinber rannsókn sé gerð samhliða þeirri málsmeðferð og gefin út ákæra og krafist hafi verið sviptingar rétti til að gegna embætti, sbr. 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga og 1. mgr. 19. gr. starfsreglna nefndarinnar.

Í greinargerðinni er rakið að X hafi með háttsemi sinni verið grunaður um að hafa brotið gegn 1. mgr. 218. gr. b og/eða 217. og 106. gr. almennra hegningarlaga. Heimilisofbeldi samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b. varðar fangelsi allt að 6 árum, líkamsárás samkvæmt 217. gr. laganna varðar sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemi er sérstaklega vítaverð. Þá beri að taka tillit til þess að refsíþyngingarákvæði er í 3. mgr. 70. gr. laganna þegar verknaður beinist gegn konu eða barni sem eru nákominn geranda og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins. Valdstjórnarbrot gegn 106 gr.

laganna varðar allt að 8 ára fangelsi þegar brot beinast gegn opinberum starfsmanni sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar.

X hafi verið undir sterkum rökstuddum grun um refsiverða háttsemi á heimili sínu utan vinnutíma þegar hann veittist með ofbeldi að eiginkonu sinni og dóttur og hindraði lögreglu í störfum sínum. Var sá grunur byggður á upplýsingum sem lágu fyrir í málinu þegar lögreglustjóri tók ákvörðun um lausn um stundarsakir. Um var að ræða símtal dóttur X við neyðarlínu kl. 03.57, framburði eiginkonu og dóttur X og hans sjálfs á vettvangi sem teknir voru upp á diktafón, en þær upptökur séu ekki ónýtar, aðstæður á vettvangi, áverka á aðilum sem komu heim og saman við framburði þeirra og skýrslutökur af eiginkonu, dóttur og sakborningi sem teknar voru upp í hljóð og mynd daginn eftir auk þess sem áverkar voru myndaðir. Þá var lögreglustjóri ræstur út vegna málsins en hann fékk fyrstu hringingu kl. 04.11 og var kominn á lögreglustöð um kl. 05.30 og fylgdist þar með framvindu mála. Lögreglustjóri hafi verið í beinu sambandi við yfirlögregluþjón sem var á vettvangi en X streittist á móti handtöku og hótaði að beita lögreglu valdi. Þrátt fyrir að allir tiltækir lögreglumenn hafi verið kallaðir á vettvang hafi tekið þrjár klukkustundir að koma X niður á lögreglustöð eða kl. 08.40. Það er mat lögreglustjóra að þessi gögn og upplýsingar hafi fullnægt fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. um grun um refsiverða háttsemi X.

Hvað varðar seinna skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga um að háttsemin hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, bendir lögreglustjóri á að samkvæmt 68. gr. má, ef opinber starfsmaður fremur refsiverðan verknað, svipta í opinberu máli á hendur honum réttinum til að rækja starfann. Í ákvæðinu er ekki gerður greinarmunur á því hvort umræddur verknaður er framinn í starfi eða utan þess og veltur niðurstaðan á mati á því hvort viðkomandi teljist hæfur eða verður til að gegna starfinu. Erfitt er að draga almennar ályktanir um hversu alvarleg brot á refsilögum þurfi að vera til að það fullnægi skilyrðum 68. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-190/2007 var ákærði sviptur embætti sínu með vísan til 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er að sjá í dómasafni Hæstaréttar Íslands að komið hafi til þess að embættismaður hafi verið sviptur embætti sínu með dómi með vísan til ákvæðisins. Í álitum nefndar samkvæmt 27. gr. starfsmannalaga hefur ítrekað komið fram að ekki er gerð sú krafa að embættissmissis sé krafist í ákæru fyrir dómi, sbr. t.d. álit nefndarinnar í málum nr. 1/2002, 2/2002, 3/2002, 3/2003, 4/2003 og 1/2007.

Lögreglumenn eru embættismenn og eru ríkar kröfur gerðar til þeirra um hæfi og að þeir séu vandir að virðingu sinni og aðhafist ekkert í starfi sínu eða utan þess sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrð á starf þeirra, sbr. 14. gr. starfsmannalaga. Ennfremur má framkoma lögreglumanns eða athafnir í starfi eða utan þess ekki þykja ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu að öðrum kosti skal áminna þá fyrir slíkt, sbr. 21. gr. starfsmannalaga. Þá er kveðið á um það í 3. másl. 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. e-lið 2. mgr., að lögreglumenn mega hvorki hafa gerst

sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða að njóta. Í 25. gr. starfsmannalaga eru talin upp þau atriði sem varða því að starfsmaður geti ekki gegnt embætti lengur. Í 2. tölul. segir að slíkt eigi við fullnægi hann ekki lengur skilyrðum 6. gr. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. kveður á um að hafi umsækjandi hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra, teljist hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum. Við mat á því hvaða hegðun falli undir 68. gr. almennra hegningarlaga verður meðal annars að hafa til hliðsjónar ofangreind lagaákvæði, einnig IV. kafla starfsmannalaga og III. kafla lögreglulaga um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Þá ber að taka mið af kröfum 38. gr. lögreglulaga um inntökuskilyrði nema í starfsnám hjá lögreglu en samkvæmt b-lið greinarinnar gildi það almenna hæfisskilyrði að lögreglumannsefni hafi ekki gerst brotleg við refsilög.

Bendir lögreglustjóri á að það úrræði að veita embættismanni lausn frá embætti um stundarsakir sé lögmælt bráðabirgðaúrræði, sbr. álit nefndarinnar t.d. í málum nr. 3/2003, 1/2011, 1/2012 og 1/2014. Vísað er til álits nefndarinnar í máli nr. 1/2012 þar sem segir: „Rökin hér að baki eru að ekki sé forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni því á meðan slíkur grunur er til staðar en í því sambandi verður einnig að líta til bæði eðlis og alvarleika brots og hvaða starfsstétt embættismanna á í hlut.“ Þá er tekið fram að nefndin hafi m.a. bent á að ákvæðið eigi við um starfsstéttir eins og lögreglumenn, sem hafa það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þurfi að njóta trausts almennings. Var það því mat lögreglustjóra að ekki hafi verið unnt að beita vægara úrræði, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Lögreglustjóri vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 368/2000, sem varðaði frávikningu lögreglumanns vegna ölvunaraksturs, um skýringu á 68. gr. almennra hegningarlaga. Hafi Hæstiréttur vísað til þess að lögreglumaðurinn hefði meðal annars atvinnu af að halda upp lögum og reglu og miklu skipti að almenningur beri fullt traust til lögreglumanna og hlíti boðvaldi þeirra.

Brot X sem hann er grunaður um eru alvarleg, beindust gegn eiginkonu og dóttur og eru ofbeldisbrot sem unnin voru í skjóli veggja heimilisins. Þá verður ekki litið framhjá yfirburðastöðu X í málinu sem lögreglumanns í litlu samfélagi sem gera brotin alvarlegri gagnvart fjölskyldumeðlimum sem eiga ekki annan kost en að leita til starfsfélaga hans um aðstoð vegna heimilisofbeldis. Heimilið sé griðarstaður fjölskyldunnar og það sé alvarlegt trúnaðarbrot gegn fjölskyldu að misbjóða þeim griðarstað með valdi líkt og X hafi verið uppvís að. Þær kröfur sem gerðar eru til lögreglumanna og áður hafa verið reifaðar samrýmast því engan veginn að þeir beiti heimilisofbeldi eða nokkurs konar ofbeldi yfir höfuð og varðar þá embættismissi verði þeir uppvísir að slíku. Vísar lögreglustjóri til niðurstöðu í áliti nefndarinnar í máli nr. 2/2002 í þessu sambandi og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram og að heimilisofbeldi X, líkamsárásir og valdstjórnarbrott séu án vafa þess eðlis að hann geti ekki lengur talist verður eða hæfur til að vera lögreglumaður.

Brot X gegn valdstjórn þykja einnig alvarleg enda hótaði hann lögreglumönnum valdi og stóð það verulega í starfsfélögum X að handtaka hann. Það eykur enn á alvarleika þess brots að X er valdbeitingarþjálfari embættisins og færastur allra í liðinu í valdbeitingu auk þess að vera hávaxinn og sterkbyggður. Þykir það ótilhlýðileg háttsemi lögreglumanns og algerlega óviðunandi að hóta lögreglumönnum átökum tilkynni þeir að hann sé handtekinn. Lögreglumenn eiga að bera virðingu fyrir valdbeitingarheimildum sínum og þeirri þjálfun sem þeir hafa hlotið. Hana þekkja þeir best allra, afleiðingar af beitingu valds og valdmörk sín. Með háttsemi sinni sýndi X félögum sínum takmarkalaust virðingarleysi sem valdbeitingarþjálfari þeirra með því að hóta þeim ofbeldi. Þrjár klukkustundir liðu frá því X var kynnt að hann væri handtekinn og þar til komið var með hann á lögreglustöð. X féllst ekki á að fara með lögreglu á lögreglustöð fyrr en lögmaður hans var kominn á vettvang en hann hafði verið upplýstur um að næsta aðgerð lögreglu væri að kalla eftir aðstoð frá sérsveit til að handtaka hann.

Að öllu framangreindu virtu telur lögreglustjóri málið hafa verið nægilega upplýst og skilyrði uppfyllt fyrir ákvörðuninni þegar ákvörðun um að veita X lausn frá störfum um stundarsakir var tekin þar sem fyrir lágu ítarlegar upplýsingar um refsiverð brot sem hann var undir rökstuddum grun um að hafa framið og varða embættismissi. Niðurstaða lögreglustjóra var að ofangreindar athafnir lögreglumannsins væru ósæmilegar, óhæfilegar og ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegndi og í ljósi þess að háttsemi sú sem hann væri undir rökstuddum grun um að hafa framið myndi hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga hafi honum verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir með vísan til 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga.

Því er hafnað að lögreglustjóri hafi brotið gegn meðalhófsreglu með ákvörðun sinni en um er að ræða lögmælt bráðabirgðaúræði. Bendir lögreglustjóri á að ekki er að finna heimild í lögum til að veita tímabundið leyfi á launum eingöngu um veitingu lausnar frá embætti um stundarsakir. Ekki er talið forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni því á meðan slíkur grunur er til staðar en í því sambandi verður að líta til eðlis og alvarleika brotanna og hvaða starfsstétt embættismanna á í hlut. Ofbeldisbrot eru í eðli sínu alvarleg og var fullt tilefni til að veita X lausn frá embætti sínu þar sem fyrir lá sterkur rökstuddur grunur um ofbeldisbrot. Bent er á að málið hafi verið frá upphafi í eðli sínu aðkallandi ofbeldisbrot sem hófst hjá lögreglu með símtali í neyðarlínu.

Lögreglustjóri áréttar að þess hafi verið fyllilega gætt að rannsaka mál X nægilega áður en ákvörðunin var tekin að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir. Lögreglustjóri hafði allar upplýsingar um málið þegar ákvörðun var tekin. Er það mat lögreglustjóra að þau gögn sem lágu til grundvallar ákvörðuninni hafi fullnægt fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga um grun um refsiverða háttsemi og embættið sinnt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá hafnar lögreglustjóri að ákvörðunin hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Lögreglustjóri áréttar að ákvörðunin hafi verið byggð á gögnum um það hvað gerðist á heimili X í umrætt sinn. Hafi hann ekki verið vanhæfur til að taka umrædda ákvörðun enda hafi hann engra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins, hvorki einstaklegra né verulegra, en hann sé eðli málsins samkvæmt vanhæfur til meðferðar sakamálsins sem hafi verið sent ríkissaksóknara þremur dögum síðar. Það hafi ekki áhrif á hæfi hans að hann hafi átt trúnaðarsamtal við eiginkonu X níu árum áður.

Lögreglustjóri bendir á að heimilisofbeldismál sé málaflokkur sem lögreglan í landinu hafi skorið upp herör gegn og sé í forgangi hjá henni í meðferð og rannsókn. Lögreglan vinni nú eftir ítarlegum verklagsreglum sem ríkislögreglustjóri gaf út 2. desember 2014. Samkvæmt skilgreiningu í reglunum er um heimilisofbeldi að ræða „ef upp kemur hegningarlagabrot á milli skyldra eða tengdra“. Tilgangur þessara reglna sé að bæta verklag í þessum málum, tryggja rétta skráningu og meðferð þeirra auk þess sem lögð sé áhersla á að hefja rannsókn þessara mála strax á vettvangi og útvega fólki viðeigandi aðstoð. Á samráðsfundum lögreglunnar í Vestmannaeyjum hafa verklagsreglurnar verið innleiddar og ítrekað rædd álitamál sem upp hafa komið og varða beitingu þeirra auk þess sem haldin hafa verið námskeið. X hafi tekið virkan þátt í þessu innleiðingafæri og fræðslu. Þá er bent á að lögreglan í Vestmannaeyjum telji 12 manns auk starfsmanna á skrifstofu, samfélagið sé lítið og trúverðugleiki lögreglunnar og það traust sem hún þarf að njóta gagnvart borgurunum mikilvægt.

3.2. Sjónarmið X

Af hálfu X er þess krafist að hafnað verði kröfum lögreglustjóra um staðfestingu á ákvörðun hans um lausn X frá embætti um stundarsakir og þess krafist að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið rétt að veita honum lausn frá embætti lögreglumanns um stundarsakir.

Í greinargerð og munnlegri reifun lögmanns X kemur fram að upphaf málsins megi rekja til þess að aðfararnótt 18. desember 2016 hafi komið til ágreinings og orðaskipta milli X og eiginkonu hans sem var ölvuð eftir veisluhöld fyrr um daginn. X hafi að veislu lokinni lagst til svefns en var vakinn af eiginkonu sinni þegar hún holti bjór yfir hann. Í kjölfarið hafi hann elt hana niður í þvottahús þar sem kom til ágreinings milli þeirra. Dóttur þeirra hafi borið að en hún hafi misskilið aðstæður og veist að honum. X hafi losaði dóttur sína af sér, tekið utan um hana og lagt hana á bakið á þvottahúsgólfið. Þá hafi eiginkona hans ráðist að honum en fallið við og meitt sig á borði sem var í þvottahúsinu. X hafi aldrei lagt hendur á eiginkonu sína, né ýtt við henni, um hreint óhapp hafi verið að ræða. Hann hafi í kjölfarið farið að sofa en vaknað við það um morguninn að lögreglan braust inn í svefnherbergi hans og hafi sjö lögreglumenn verið tilbúnir að handtaka hann. Var honum brugðið og taldi hann sig hafa orðið fyrir árás. Þar sem umræddur viðbúnaður væri yfirdrifinn og ekki í samræmi við aðstæður eða verklagsreglur lögreglunnar mótmælti hann þessari aðgerð. Hafi hann verið fullkomlega rólegur og er lýsingu lögreglustjóra um

annað röng enda fær slíkt ekki stoð í gögnum málsins. Telur X að lýsing lögreglustjóra í greinargerð hans beri vott um illan hug hans til X og sé ómálefnalega.

Umfjöllun um framburð eiginkonu X er mótmælt sem rangri og í ósamræmi við gögn málsins auk þess sem bent er á að innbyrðis misræmis gæti milli frumskýrslu og framburðs hennar í skýrslutöku síðar um daginn varðandi ofbeldi X gagnvart henni og dóttur hennar. Sérstaklega er vakin athygli á því að í skýrslutöku fyrir héraðssaksóknara 17. janúar 2017 hafi hún sagt að X „hafi aldrei lamið hana“. Er því sérstaklega mótmælt að það hafi legið fyrir að hann hafi gerst sekur um gróft heimilisofbeldi og valdstjórnarbrot eins og lögreglustjóri heldur fram.

X byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að ekki hafi verið skilyrði til að veita honum lausn um stundarsakir samkvæmt 26. gr. starfsmannalaga, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga og því sé ákvörðun lögreglustjóra ólögmat. Heldur hann því fram að hvorugt skilyrða 2. másl. 3. mgr. 26. gr., þ.e. að annars vegar sé til staðar rökstuddur grunur um refsivert brot og hins vegar að umrætt brot varði embættismissi samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin.

Hvað varðar fyrra skilyrðið byggir X á því að rannsókn málsins hafi verið á frumstigi. Engar skriflegar skýrslur hafi verið til staðar, hljóðupptökur af framburðum hafi verið ónýtar auk þess sem lögreglustjóri hafi ekki verið viðstaddur neinar skýrslutökur. Er því útilokað að lögreglustjóri hafi haft undir höndum fullnægjandi gögn og upplýsingar þegar ákvörðunin var tekin. Ákæra hafi ekki verið gefin út í málinu þegar ákvörðun var tekin auk þess sem eiginkona hans, ætlaður brotapolí í málinu, hafni því að hann hafi lagt hendur á hana. Á það er bent að héraðssaksóknari hafi ekki séð ástæðu til að ákæra X fyrir brot gegn valdstjórninni en lögreglustjóri hafi byggt ákvörðun sína m.a. á gruni um slíkt brot. Er bent á að í flestum málum sem komið hafa fyrir nefndina hafi verið búið að gefa út ákæru í viðkomandi málum og því annar aðili en veitingavaldshafi tekið ákvörðun sem veitingavaldshafi er bundinn af. Það eigi ekki við í þessu máli heldur hafi lögreglustjóri sjálfur metið það svo að ætluð brot X væru líkleg til sakfellis fyrir dómi. Mál X sé sönnunarlega ekki sambærilegt málum þar sem fallist hefur verið á lausn um stundarsakir fyrir útgáfu ákæru, sbr. álit nefndarinnar í málum nr. 3/2002, 4/2003 og 4/2013. Skortir því á að það skilyrði að X teljist grunaður um refsiverða háttsemi sé fyrir hendi.

Hvað síðara skilyrðið varðar telur X að hið ætlaða brot sé hvorki stórfellt né þannig að hann teljist ekki lengur verður að rækja starfann ef hann verði sakfelldur. Byggt er á því að almennt verði að gera strangar kröfur til þess að skilyrði séu uppfyllt til þess að heimilt sé að beita svo alvarlegu og íþyngjandi úrræði fyrir embættismann sem lausn um stundarsakir felur í sér. Jafnframt er bent á að samkvæmt álit nefndarinnar í máli nr. 1/2014 verður ekki fallist á heimild til lausnar um stundarsakir ef vafi leikur á að alvarleiki og eðli þeirra brota sem embættismanni eru gefin að sök séu þess eðlis að varði embættismissi samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga. Ennfremur komi fram í álitinu

að allan vafa verði að skýra embættismanni í hag. Brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga telst minni háttar brot en ekki alvarlegt brot eins og lögreglustjóri heldur fram. Því er hafnað að strangari kröfur verði að gera til lögreglumanna en annarra embættismanna hvað þetta varðar. Þá er tilvísunum lögreglustjóra til lagaákvæða varðandi skyldur lögreglumanna mótmælt en í 28. gr. lögreglulaga og 25. gr. starfsmannalaga er áskilið að embættismaður hafi hlotið refsiverðan dóm til að hann missi hæfisskilyrði. Er því ljóst að ákvörðun lögreglustjóra byggir á sekt X sem hefur ekki verið borin undir dómstóla.

Bent er á að við mat á því hvort efni séu til að víkja embættismanni frá störfum þarf hið ætlaða brot að vera sérlega vítavert og alvarlegt til þess að geta talist stórfellt í skilningi 68. gr. almennra hegningarlaga. Vísað er til dóms Hæstaréttar í máli nr. 33/2005 og 368/2000 í því sambandi. Verður ekki séð að ætluð brot í þessu máli uppfylli kröfur dómstóla til embættissviptingar samkvæmt ákvæðinu. Bendir hann á að fjöldi dæma er um að embættismenn sem hafa verið dæmdir fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga og starfað áfram sem embættismenn, sbr. eftirtalda héraðsdóma í máli nr. S-2577/2001, S-1347/1999 og S-998/1996 og dóm Hæstaréttar 1989, bls. 512. Ætlað brot X, sbr. ákæru héraðssaksóknara, varðar því ekki embættismissi skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og því ekki lagaskilyrði til að fallast á málatilbúnað lögreglustjóra.

Í öðru lagi er byggt á því að ákvörðun lögreglustjóra um tímabundna lausn brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga. Er bent á að vægari úrræði hafi staðið lögreglustjóra til boða samkvæmt starfsmannalögum svo sem áminning eða tímabundið leyfi á launum. Vísar hann til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3646/2017 í því sambandi. Þá hafi dómsmálaráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu í málinu í úrskurði sínum frá 22. september 2017 að málsmeðferð lögreglustjóra, að taka ákvörðun í málinu áður en formlegar skýrslur lágu fyrir og áður en lögreglustjóra gafst kostur á að hlýða á framburð X, hefði ekki samræmst meðalhófsreglu. Þá beri að líta til þess að ákvörðunin gangi gegn þeirri venju sem skapast hefur þegar lögreglumenn eru sakaðir um sambærileg brot og X að leysa þá ekki frá störfum um stundarsakir fyrr en ef og þegar ákæra hefur verið gefin út. Í vissum tilvikum hafi jafnvel ekki verið talið tilefni til lausnar þótt ákæra hafi verið gefin út. Sem dæmi um þetta er vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 279/2015 og 279/2012. Þurfi í þessu sambandi að líta til jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga en mál X sé ekki sambærilegt málum lögreglumanna sem hafa beinlínis verið gripnir af lögreglu við að brjóta af sér, sbr. álit nefndarinnar í máli nr. 3/2002 og/eða ætlað brot hefur verið framið í starfi og er jafnvel til á myndbandsupptöku, sbr. álit nefndarinnar í málum nr. 4/2003 og 4/2013.

Í þriðja lagi er byggt á því að málið hafi ekki verið nægilega upplýst þegar ákvörðunin var tekin og þannig hafi málsmeðferðin farið gegn 10. gr. stjórnsýslulaga. Lítil sem engin rannsókn hafi farið fram áður en ákvörðunin var tekin en engar skriflegar skýrslur hafi verið til staðar þvert á fullyrðingar lögreglustjóra og því útilokað að lögreglustjóri hafi haft undir höndum allar staðreyndir málsins. Lögreglustjóra hafi þannig verið ómögulegt

að afla allra nauðsynlegra upplýsinga og staðreyna réttmæti þeirra á þeim stutta tíma sem leið frá því að hin ætluðu brot áttu sér stað og þar til X var vikið frá störfum. Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins í málinu frá 22. september 2017 hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að sú málsmeðferð lögreglustjóra að taka ákvörðun í málinu áður en formlegar skýrslur lágu fyrir og áður en lögreglustjóra hafi gefist kostur á að hlýða á framburð X hafi ekki samræmst rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Ákvörðun lögreglustjóra hafi því hvorki verið upplýst né málefnaleg þrátt fyrir að vera mjög íþyngjandi í garð X.

Þá er í fjórða lagi byggt á því að ákvörðun lögreglustjóra hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Þannig sé hvorki málefnalegt að vísa til þess að um sé að ræða lítið samfélag og að málið hafi áhrif á ásýnd lögreglunnar þar né að lögreglustjóri hafi ákveðið að leggja sérstaka áherslu á heimilisofbeldismál. Fyrst og fremst beri að horfa til ákvæða laga við mat á því hvort brot sé alvarlegt, þ.e. að um hafi verið að ræða grun um minni háttar líkamsárás en ekki alvarlegt hegningarlagabrot. Þá sé ekki málefnalegt að vísa til dóms Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. S-151/2008 um að X hafi áður verið uppvís að heimilisofbeldi en um er að ræða alls óskyldt mál auk þess sem X hafi verið sýknaður af ákæru í málinu. Ekki heldur sé málefnalegt að vísa til efnahags lögregluembættisins til stuðnings ákvörðuninni eins og lögreglustjóri gerir en meginreglan sé að óheimilt sé að líta til fjárhagslegra sjónarmiða nema lagaheimild sú sem ákvörðun byggist á veiti heimild til þess. Málatilbúnaður lögreglustjóra sé í heild ómálefnalegur og ýktur en ákæra héraðssaksóknara sýni að ætluð brot séu með engu móti í samræmi við lýsingar lögreglustjóra. Bendi málatilbúnaðurinn allur til óvildar í garð X.

Að lokum er á því byggt að lögreglustjóri sé vanhæfur til meðferðar málsins, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga. Er vísað til þess að í fyrri störfum lögreglustjóra sem réttargæslumaður eiginkonu X hafi hann haldi fram að X hafi gerst sekur um ofbeldi gagnvart eiginkonu sinni við meðferð héraðsdómsmálsins S-151/2008. Þótt X hafi verið sýknaður af ákæru í því máli hafi lögreglustjóri ítrekað þessar fullyrðingar í þessu máli. Hafi lögreglustjóri með þessu virt niðurstöðu héraðsdóms að vettugi sem bendi til þess að hann geti ekki lítið hlutlaust á málið.

4. Niðurstaða nefndarinnar og rökstuðningur fyrir henni.

Í máli þessu krefst lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum þess að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Einnig er krafist staðfestingar nefndarinnar á því að skilyrði fyrir veitingu lausnar um stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin og að sakir þær sem bornar voru á hendur X hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunar lögreglustjóra og að rétt hafi verið staðið að framkvæmd hennar. Af hálfu X er þess krafist að hafnað verði kröfum lögreglustjóra og að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið rétt að veita honum lausn um stundarsakir.

Nefndinni er ætlað ákveðið rannsóknarhlutverk, sbr. 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga, sem miðast við að láta í ljós rökstutt álit um það hvort skilyrði fyrir veitingu lausnar um

stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin og hvort rétt hafi verið staðið að framkvæmd stjórnvaldsákvörðunarinnar.

Nefndin hefur tekið fram í fyrri álitserðum sínum að niðurstaða hennar um að rétt hafi verið að víkja manni úr embætti um stundarsakir geti orðið grundvöllur undir síðari ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um það hvort starfsmaður skuli taka aftur við embætti sínu eða hvort víkja eigi honum að fullu. Sá grundvöllur sé þó ekki bindandi eins og fram kemur í 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga. Reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi, skal stjórnvaldið ekki víkja manni að fullu, þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir. Þótt stjórnvald hafi fengið niðurstöður nefndarinnar um að rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir þarf stjórnvaldið því að taka sjálfstæða ákvörðun um endanlega lausn úr embætti með tilliti til þess sem síðar hefur komið fram um þær ávirðingar sem voru uppi.

Ákvörðun lögreglustjóra um að veita X lausn frá störfum um stundarsakir var reist á 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaganna þar sem hann var grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga. Verða nú nánar skoðuð efnisleg skilyrði þeirrar ákvörðunar. Skilyrði fyrir því að stjórnvald beiti þessu ákvæði starfsmannalaganna eru samkvæmt hljóðan þess tvíþætt. Annars vegar að grunur liggi fyrir og hins vegar að háttsemin sé þessi eðlis að hún hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar ákveðið var að veita X lausn frá embætti um stundarsakir hafði ákæra ekki verið gefin út á hendur honum. Tilefni ákvörðunar lögreglustjóra var grunur um refsiverða háttsemi X á heimili sínu utan vinnutíma þegar hann veittist með ofbeldi að eiginkonu sinni og dóttur og hindraði lögreglu í störfum sínum. Var ákvörðunin eingöngu byggð á gögnum sem aflað var sama dag og ákvörðunin var tekin. Var það mat lögreglustjóra að athafnir X samkvæmt þeim gögnum væru óhæfilegar og ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegndi og að grunur væri um ætluð refsiverð brot.

Nefndin leggur áherslu á að rík skylda hvílir á stjórnvaldi til að vanda til undirbúnings og meðferðar máls og sjá til þess að aflað sé gagna og sem gleggstra upplýsinga áður en íþyngjandi ákvörðun er tekin, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Fyrir liggur að lögreglustjóri tók ákvörðun um að veita X lausn um stundarsakir rúmum hálfum sólarhring eftir umrætt atvik. Við ákvörðunina lágu fyrir eftirtaldar upplýsingar: upplýsingar um símtal dóttur X til neyðarlínunnar, framburðir eiginkonu og dóttur X á vettvangi auk hans eigin framburðar, dagbókarfærslur lögreglunnar og skýrslur sem teknar voru af framangreindum aðilum í hljóð og mynd. Verður því að telja að nægilegar upplýsingar hafi legið fyrir til þess að hægt væri að taka ákvörðun um lausn X um stundarsakir.

Nefndin fellst ekki á að hvers kyns ásakanir um að lögreglumenn hafi framið refsivert brot nægi til þess að grunur teljist falla á þá í skilningi 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Á hinn bóginn telur nefndin að þær upplýsingar sem lágu fyrir í málinu,

m.a. dagbókarfærslur lögreglu og skýrslutökur, og að lögreglustjórinn var upplýstur um þær frá byrjun og fylgdist náið með aðgerðum á vettvangi frá lögreglustöðinni og fékk upplýsingar úr skýrslutökum síðar um daginn, beri með sér að nægilega sé í ljós leitt að grunur hafi verið um refsiverða háttsemi X þegar ákveðið var að veita honum lausn um stundarsakir og þannig hafi verið uppfyllt fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Eins og hér stendur á skiptir því ekki meginmáli hvort endurrit af skýrslum brotaþola og X hafi legið fyrir við ákvörðunartökuna. Þá verður ekki heldur fallist á að lögreglustjóra hafi borið að bíða eftir því hvort ákæra yrði gefin út í málinu en slíkt er ekki gert að skilyrði í framangreindu ákvæði.

Eftir er þó að meta hvort síðara skilyrði ákvæðisins var uppfyllt, þ.e. hvort háttsemin sem X var grunaður um hafi verið þess eðlis að hún gæti leitt til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga ef rétt reyndist, þar sem hann teldist ekki verður eða hæfur til að rækja áfram starfann. Leggur nefndin þannig mat á skilyrðið út frá því hvert er eðli og alvarleiki hins meinta brots. Að mati nefndarinnar skiptir ekki máli í þessu tilliti hvort brotið teljist vera smávægilegt, heldur ræður hér úrslitum að háttsemi embættismanns, ef sönn reyndist, væri þess eðlis að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starfann og hefði þannig í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. eins og áður segir.

Ávirðingar þær sem X var grunaður um þegar lögreglustjóri tók ákvörðun um að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir varða að mati nefndarinnar alvarleg brot lögreglumanns utan starfs. Telur nefndin að hegningarlagabrot sem X var grunaður um að hafa framið þegar ákvörðun var tekin um lausn hans, einkum líkamsárás gagnvart eiginkonu og dóttur á heimili þeirra, væru til þess fallin að veikja traust almennings á störfum hans og lögreglunnar almennt, héldi hann áfram störfum, á meðan ekki væri skorið úr um hvort þær ávirðingar væru réttar. Verður því ekki hjá því komist að telja að slík háttsemi, ef sönn reyndist, leiddi til þess að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starfann og hefði þannig í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga. Verður því fallist á að seinna skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga hafi verið uppfyllt.

Nefndin fellst ekki á að lögreglustjóri hafi brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga með því að veita X lausn um stundarsakir á grundvelli 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin hefur ítrekað tekið fram í álitum sínum, t.d. í máli nr. 1/2012, að umrætt ákvæði starfsmannalaga sé lögmælt bráðabirgðaúrræði sem lögin veita til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Rökin hér að baki eru að ekki sé forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni því á meðan slíkur grunur er til staðar en í því sambandi verður einnig að líta til bæði eðlis og alvarleika brots og hvaða starfsstétt embættismanna á í hlut. Hefur nefndin m.a. bent á að ákvæðið eigi við um starfsstéttir eins og lögreglumenn sem hafa það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þurfi að njóta trausts almennings. Með vísan til framangreinds fellst nefndin ekki á að lögreglustjóra hafi borið að neyta vægari úrræðis gagnvart X eins og að

leysa hann undan vinnuskyldu á launum eftir að hafa komist að niðurstöðu að fyrir hendi væri grunur um refsivert brot við framkvæmd starfa að undangegnu mati á atvikum málsins og að uppfyllt væru skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga.

Þá verður ekki séð að lögreglustjóri hafi byggt ákvörðun sína á ómálefnalegum sjónarmiðum. Eins og áður hefur komið fram var ákvörðun lögreglustjóra byggð á tilteknum upplýsingum sem lágu fyrir þegar ákvörðunin var tekin. Verður ekki betur séð en að þau sjónarmið sem lögreglustjóri vísar til lýsi þeirri alvarlegu stöðu sem var uppi í ljósi þess að það var lögreglumaður sem átti hlut að máli. Fellst nefndin heldur ekki á að lögreglustjóri hafi verið vanhæfur samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnáslulaga til að taka ákvörðunina. Í málinu liggur fyrir að lögreglustjóri hafði átt trúnaðarsamtal sem lögmaður við eiginkonu X níu árum áður en ákvörðunin var tekin. Það að hafa átt trúnaðarsamtal sem lögmaður við eiginkonu X, hvort heldur sem réttargæslumaður eða ekki í öðru máli, veldur ekki eitt og sér að lögreglustjóri teljist vanhæfur til að taka ákvörðun um það hvort uppfyllt hafi verið skilyrði til að taka ákvörðun um lausn X um stundarsakir í máli þessu. Þá verður ekki heldur séð að lögreglustjóri hafi verið vanhæfur af öðrum ástæðum.

Á grundvelli þess sem rakið hefur verið er það niðurstaða nefndarinnar að lögreglustjóra hafi verið rétt að veita X lausn frá störfum um stundarsakir. Er það því álit nefndarinnar að háttsemi sú sem X var grunaður um hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunarinnar og þar með hafi verið uppfyllt skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga.

Nefndin áréttar það sjónarmið sem áður var lýst að reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi skuli stjórnvald ekki víkja manni að fullu þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir miðað við þær aðstæður sem þá voru uppi. Nefndin beinir því til lögreglustjóra að taka tillit til endanlegrar niðurstöðu málsins þegar hann tekur ákvörðun í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar.

ÁLIT

Nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, telur að lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum hafi verið rétt að veita X lausn frá störfum um stundarsakir 18. desember 2016.

Reykjavík, 9. apríl 2018

Kristín Benediktsdóttir

Björn Rögnvaldsson

Dalla Ólafsdóttir